

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Hestur, L168251 (lóð 8).

Í skipulaginu felst breyting á lóðarmörkum og ný lega byggingarreits á lóð 8.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Mýrarkot, frístundabyggð.

Í skipulaginu felst að byggingarreitir Jörfagerðis 5 og 6 eru stækkaðir auk þess sem mörk á milli lóða Furugerðis, Hlyngerðis 2 og Lerkigerðis 1 eru leiðrétt.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Mýrarkot, Álftamýri 8, L200820.

Í skipulaginu felst breyting á núverandi skilmálum deiliskipulagsins er varðar þakhalla.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Öndverðarnes, Kambshverfi.

Í skipulaginu felst stækkun lóða Hlíðarhólsbrautar 10 og 12.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. ágúst 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.